

# LION



Íslensk útgáfa

[www.lions.is](http://www.lions.is)

blað nr 289

apríl 2015



*We Serve*

Apríl 2015. Blað nr. 289  
THE LION IN ICELANDIC  
Fjölumðæmi 109  
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:  
FJÖLUMDÆMI 109. Tímariðið Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionsskrifstofan, Sóltúni 20, 105 Reykjavík er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 15.00

Sími: 561 3122

Fax: 561 5122

e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Sigríður

Þorvaldsdóttir Kvaran



FJÖLUMDÆMISRÁÐ  
FJÖLUMDÆMIS 109  
Starfsárið 2014 – 2015

Fjölumðæmisstjóri: Tryggvi Kristjánsson Lkl. Dalvíkur.  
Umdæmisstjóri 109A: Einar Þórðarson, Lkl. Fjörgyn.  
Umdæmisstjóri 109B: Ingimundur G. Andrússon, Lkl. Patreksfjarðar.  
Fjölumðæmisritari: Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Emblu.  
Fjölumðæmisgjaldkeri: Guðmundur Oddgeirsson, Lkl. Þorlákshafnar

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri:

Benjamín Jósefsson, Lkl. Akraness.

Vara fjölumðæmisstjóri:

Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Protokol- og þingstjóri og NSR Coordinator: Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar.

Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar Friðriksson, Lkl. Hængur.

Kynningarstjóri: Benjamín Jósefsson, Lkl. Akraness.

Umhverfisstjóri: Kristófer A.

Tómasson, Lkl. Geysi

Ritstjóri Lion: Porkell Cýrusson, Lkl. Búðardals.

Netsjóri: Skúli Guðmundur Ingvarsson, Lkl. Borgarness.

GLT stjóri (menntun og leiðtogaþjálfun): Halldór Kristjánsson,

Lkl. Ásbirni.

GMT stjóri (útbreiðsl og fjölgun): Guðrún Helga Össurardóttir, Lkl. Seylu.

NSR-AU nefndarmaður: Hrunn Hjaltadóttir, Lkl. Fold.

Heilbrigðisstjóri: Jón

Bjarni Þorsteinsson fyrrv. alþjóðastjórnarmaður, Lkl. Mosfellsbæjar.

Hjálparstjóri: Guðjón Jónsson, Lkl. Seltjarnarness.

Unglingaskiptastjóri: Pálmi Hannesson, Lkl. Garði.

LCIF stjóri, fyrrv. alþjóðastjórnarmaður og ráðgjafi alþjóðaforseta: Guðrún Björt Yngvadóttir Lkl. Eik.

MedicAlert stjóri: Lúdvík Andreasson, Lkl. Tý.

Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir, Lkl. Ylfa.

Formaður Kjaransorðunefndar. Daníel Þórarinnsson, Lkl. Nirði.

Laganefnd (form.): Kristinn Kristjánsson, Lkl. Hveragerði

Lions Quest stjóri: Magnús J.

Magnússon, Lkl. Selfoss.

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Halldóra J. Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.



Fjölumðæmisstjóri ásamt umdæmisstjórum.

Varaumðæmisstjóri 109A: Jón

Pálmason, Lkl. Víðarri.

Varaumðæmisstjóri 109B: Stefán

Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A:

Gunnar Vilbergsson, Lkl.

Grindavíkur.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B:

Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl.

Rán,

Framkvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2014 – 2015:

International President: Joseph Preston USA

Immediate Past President: Barry J.

Palmer Ástralía

First Vice President: Dr. Jitsuhiro

Yamada Japan

Second Vice President: Bob Corlew

USA

First Year Directors:

Svein Øystein Berntsen,

Jorge Andrés Bortolozzi,

Eric R. Carter

Charlie Chan,

Jack Epperson,

Edward Farrington,

Karla N. Harris

Robert S. Littlefield, Ph.D.

Ratnaswamy Murugan,

Yoshinori Nishikawa,

George Th. Papas,

Jouko Ruissalo,

N.S. Sankar,

A.D. Don Shove,

Kembra L. Smith

Dr. Joong-Ho Son

Linda L. Tinker

Second Year Directors

Fábio de Almeida,

Lawrence A. „Larry“ Dicus

Roberto Fresia

Alexis Vincent Gomés

Chynthia B. Gregg,

Byung-Gi Kim

Ester LaMothe

Yves Léveillé

Teresa Mann

Raju V. Manwani

William A. McKinney

Michael Edward Molenda

John Pettis, Jr.

Robert Rettby,

Emine Oya Sebük

Hidenori Shimizu

Dr. Steven Tremaroli

Upplag: 2400 eintök

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd tók Halldór

Kristjánsson.

Forsíðumynd: Nemendur í

Leiðtogaskóla Lions á Íslandi

ásamt kennurum.

## Ritstjórnargrein

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er komið að fimmta blaði starfsársins. Í þessu blaði er kynning á þeim embættismönnum sem taka við keflinu og hvet ég lesendur til að kynna sér vel þá sem verða í forsvari fyrir hreyfinguna á næsta starfsári.

Leiðtogaskóla Lions á Íslandi var slitið 15. mars síðastliðinn og margar skemmilegar hugmyndir komu þar fram varðandi fjáraflanir og er ein hugmynd birt hér í blaðinu og er ég þess fullviss um að einhverjir klúbbar gætu tekið hana upp.

Næsta blað er væntanlegt um miðjan júní og er skilafrestur nefndur hér að neðan.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með kveðju, Porkell Cýrusson ritstjóri

Skilafrestur á efni í næsta blað er 4. júní

# Minnist aldarafmælisins með fjölgunarátaki

## Apríl pistill Alþjóðaforseta

Joesph Preston

alþjóðaforseti



Ég vissi það ekki þá en einn stærsti dagur lífs míns var þegar vinnufélagi minn bauð mér að koma á Lionsfund. Þá breyttist líf mitt og varð miklu þýðingarmeira bara af því

einhver hafði hugrekki, framsýni og hafði trú á mér til að ganga til liðs við Lions. Þar sem þessi mánuður er hluti af Aldarafmælinu, þá ætla ég að biðja ykkur um að bjóða öðrum að ganga til liðs við Lions. Afmælið okkar merkir margs konar hluti fyrir fjölda fólks, veisluhöld og áskorun um að gera enn betur í þjónustu okkar. Það verður okkur einnig mikil vogarstöng til að sýna kraftinn í starfi okkar og um leið fjölga félögum. Styrkjum stoltið með því að bæta við félögum sem geta svo notið ánægjunnar með okkur að vera í Lions. Hið vel undirbúna „Félaga viðurkenninga“ prógram okkar, sem er hluti af aldarafmælinu, byrjaði 1.apríl og endar 30.júní 2018. Við erum með margs konar viðurkenningar fyrir Lionsfélaga og klúbba fyrir að taka inn nýja félaga og stofna nýja klúbba. Lionsfélagar sem mæla með nýjum félaga eða hjálpa til að stofna klúbb og klúbbar sem taka inn nýja félaga eða stofna nýjan klúbb, fá falleg merki gefin út í takmörkuðu upplagi, skírteini og fánamerki. Við vitum hinsvegar að stærsta viðurkenning okkar fyrir Lionsstarfið er stoltið og ánægjan

meðal félagana. Á sama tíma viljum við veita viðurkenningu fyrir félagafjölgun. Okkur þykir vænt um þegar okkur er þakkað fyrir þjónustuna. Takið þessar línur sem eitt risastórt „Takk fyrir“ frá Alþjóðastjórninni. Nánari upplýsingar varðandi viðurkenningar er að finna á alþjóðavef Lions. Ég veit að Lionsfélagar taka alltaf við sér þegar þeir eru beðnir, svo ég veit að þeir gera sitt besta til að fjölga svo að við getum veitt enn meiri þjónustu. Ég óska ykkur svo öllum „góðrar veiði“ eftir félögum.

**Joe Preston**

Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar

*Þýðing: Geir Hauksson*

## Ágætu lesendur

Ingimundur Andrésson

Fráfarandi Umdæmisstjóri 109 B



Nú þegar vorið er handan við hornið er ekki úr vegi að rifja upp nokkra punkta frá starfsárinu sem er nú meira en hálfnað.

Starfsárið byrjaði með miklum Skype fundahöldum hjá mér vegna alþjóða sjónverndardagsins sem haldinn var hér á landi í október s.l. Sjónverndardagurinn var Lionshreyfingunni til sóma og tókst í alla staði vel. Mér lánaðist að heimsækja klúbba í

Skagafirði og 5 af 8 klúbbum Eyjafirði áður en þústnaði verulega að hvað varðar veður og færð. En síðan í nóvemberlok hefur það verið eins og að sækja bita undir högg að ætla sér á milli landshluta. Það má segja að þriðja hvern dag hafi verið snarvitlaust veður með tilheyrandi samgöngutruflunum, alveg fram yfir miðjan mars. Eftir NSR þingið í janúar gat ég þó skotist upp á Akranes og heimsótt klúbbana þar, svo lánaðist mér að skreppa milli lægða til að heimsækja Úrnar í Mosfellsbæ.

Ég var búinn að undirbúa heimsókn til Lkl Mosfellsbæjar á fimmtugsafmæli klúbbsins og sömuleiðis til Lkl Húsavíkur á þeirra afmælishátíð, en þá kom heldur betur babb í bátinn. Ég lenti á sjúkrahúsi og verð óvinnufær í allavega einhverja mánuði. Það var ekki annað í stöðunni en að afhenda Stefáni Árnasyni 1. varaum-dæmisstjóra keflið, það var gert á örfundi sem við Stefán og Einar héldum á sjúkrahúsi þar sem ég dvaldi í 9 daga. Það veit ég að Stefán mun sinna starfinu af kostgæfni og óska honum alls hins besta í vandasömu en skemmtilegu starfi.

Þetta er búinn að vera mjög svo skemmtilegur og lærdómsríkur tími fyrir mig, ég hef

kynnst fjölda af skemmtilegu fólki og veit að þar á ég vini fyrir lífstíð. En vegna þess hvað ég er nýr í þessari framvarðarsveit Lions þá horfi ég yfir sviðið með augum þess nýkomna. Sagt er að glöggst sé gests augað.

Ég fagna sérstaklega að þýðing á lögum hreyfingarinnar er kominn af stað því mér finnst það hafa verið fleiri en ein útgáfa í gangi og þær ekki samhljóða. Þess vegna vona ég að þýðingu laganna verði lokið fyrir þingið á Seyðisfirði í maí n.k. Það er okkar skylda að virða lög Lions í einu og öllu, því við sem tókum við sem umdæmisstjórar í Toronto s.l sumar vorum látnir vinna að því eigið.

Ykkur sem starfað hafa með mér í umdæmisstjórninni í 109 B þakka ég fyrir samstarfið, Stefán Árnason mun leiða starfið til loka þessa starfsárs eins og um getur fyrir í þessari grein. Og síðan næsta starfsár í sinni eigin umdæmisstjórn.

Að lokum óska ég Guðrúnu Björt velgengi í hörðum slag, og vona svo sannarlega að íslensku mannbroddarnir haldi vel í því ísklifri sem leiðin á toppinn verður efalaut.

Munum svo að Lionshreyfingin er líknarhreyfing, einnig að sameinaðir stöndum við en föllum sundraðir.



## Verum stolt af Lions

Einar Þórðarson

umdæmisstjóri 109A

Lkl. Fjörgyn



Það er komið sumar og sól í heiði skín, vetur burtu farinn, tilveran er þín. Við erum á leið til Austfjarða, Lionsfélagar, makar og gestir, til að sækja Seyðisfjörð heim. Framundan er Lionsþing á Seyðisfirði 14.-16. maí 2015 og þangað koma Lionsfélagar víðsvegar af landinu, til að hittast og halda þing. Einnig til að læra, hafa gaman og skemmta sér saman eftir annasaman en góðan vetur. Dagskráin er þétt skipuð, námskeið, þing, skoðunarferðir og skemmtanir. Það er næstum uppselt á öllum gistiheimilum á Seyðisfirði og við höfum í heiðri máltækið „Maður er manns gaman“.

Það verður gaman á laugardagskvöldinu, 16. maí því þá verður mikil hátíð og afmælisveisla með miklu fjöri og gleði.

Lionsklúbbur Seyðisfjarðar og Lionsklúbburinn Múli standa fyrir Lionsþinginu í ár og eiga þeir báðir stórafmæli á árinu. Lionsklúbbur Seyðisfjarðar er 50 ára og Lionsklúbburinn Múli 45 ára. Þriðji klúbburinn sem á stórafmæli á árinu er Lionsklúbbur Eskifjarðar sem er 50 ára. Ég vil óska þessum klúbbum til hamingju með að hafa náð þessum háa aldri. Það er ekki gefið að sjálfboðaliðaklúbbur, sem starfar að mannúðarmálum, hafi starfað í hálfa öld. Það þarf seiglu, kraft og sterka félag. Gaman væri að fá að vita hvað þessir klúbbar hafa lagt til

samfélagsins í hálfa öld. Hvað ef þeir hefðu ekki gert það?

Það eru fimm Lionsklúbbar á Austfjörðum, Lionsklúbbur Djúpavogs, Lionsklúbbur Eskifjarðar, Lionsklúbburinn Múli á Egilsstöðum, Lionsklúbbur Seyðisfjarðar og Lionsklúbburinn Svanur á Breiðdalsvík. Hver þessara klúbba er öflugur bakhjarl og stuðningaðili margra góðra verka í sinni heimabyggð. Í klúbbunum eru samtals um 60 féлага, bæði konur og karlar á öllum aldri. Klúbbarnir hafa einnig starfað saman að ýmsum verkefnum, t.d. að ungmennabúðum Lions.

Lionshreyfingin er stærsta líknarhreyfing í heiminum, með um 1.400.000 féлага í 46.000 klúbbum í 210 löndum, sem sýnir mikla grósku í mannúðarstarfi þessarar öfluðu hreyfingar. Hún var stofnuð árið 1917 í Bandaríkjunum og verður því 100 ára árið 2017. Lionshreyfingin er hópur sjálfboðaliða út um allan heim sem lætur gott af sér leiða á sviði mannúðar- og menningarmála. Lionsfélagar leggja lið þeim sem minna mega sín, m.a. sjúkum, sjónþöprum og fötludum. Þeir taka einnig þátt í verkefnum tengdum börnum, öldruðum, menningarmálum, umhverfi o.fl.

Fyrsti Lionsklúbburinn á Íslandi, Lionsklúbbur Reykjavíkur, var stofnaður árið 1951, fyrir 64 árum og er enn starfandi. Í dag eru um 2.200 Lionsfélagar í 85 klúbbum kringum allt Ísland. Klúbbarnir styðja hver við sitt byggðarlag, taka þátt í landsverkefnum og alþjóðlegum verkefnum. Þeir styðja við íslenskt samfélag á margan hátt, með ýmis konar samfélagsþjónustu og sjálfboðastarfi, í formi tækjakaupa og styrkja, t.d. til sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva, til ýmissa féлага og einstaklinga, skemmtanir fyrir aldraðra, ungmennastarf og margt fleira. Lionshreyfingin á Íslandi er þekktust fyrir Rauða fjarðar landsöfnun sem haldin er á nokkurra ára fresti, þar sem allir Lionsklúbbar á Íslandi taka þátt í. Leitað er til almennings eftir stuðningi og hefur söfnunin ávallt verið vel tekið.

Rauða fjöðrin er í gangi um þessar mundir. Safnað er fyrir leiðsöguhundum fyrir blinda

og vonandi taka landsmenn vel á móti Lionsfélögum. Sjónvernd er eitt af stærstu Lions verkefnum eftir að Helen Keller bað um stuðning Lions við blinda. Til að gefa einhverja hugmynd um stuðning Lions við íslenskt samfélag þá er fjárhagslegur stuðningur þessara 85 klúbba yfir 100 milljón króna. Þar fyrir utan eru þúsundir vinnustunda í sjálfboðavinnu og önnur verðmæta-sköpun á vegum klúbbanna og samstarfsaðila þeirra.

Lionsstarfið er ekki aðeins sjálfboðavinna og fundarhöld. Lions er óháð stjórnmálaflokkum og trúfélögum. Lions er opinn félagsskapur þar sem félagarnir fá að njóta sýn. Lögð er áhersla á vináttu félaganna og fjölskyldna þeirra. Lionsfélagar eru tryggur vinahópur sem stendur saman og þar eignast margir sína bestu vini. Í Lions er boðið upp á fræðslu í formi námskeiða sem gagnast ekki aðeins innan Lions, heldur einnig í atvinnulífinu og í daglegu lífi. Þar má nefna námskeið í tjáningu, ræðumennsku og Leiðtogaskóla Lions. Í Lions er fólk úr ólíkum áttum sem kemur saman til að bæta sitt samfélag. Í dag eru konur rúmlega fjórðungur féлага og er markvisst unnið að fjölgun kvenna í Lions. Það er gaman að segja frá því að flestir klúbbarnir á Austfjörðum eru blandaðir klúbbar.

Helen Keller var einu sinni spurð hvað væri verra en að vera blind. Hún svaraði: „Að hafa sjón en enga sýn“.

Munum að vingjarnlegt orð sem sagt er í dag getur borið ávöxt á morgun. Verum stolt af Lions.




## Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.  
EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

# Viðurkenningar vegna aldarafmælis Lions



Klúbbar um allan heim bæta við nýjum félögum



Eiginkona dáist að merki eiginmanns síns, nýbökudum Lionsfélaga í Ungverjalandi.

Conroe Noon Lionsklúbburinn í Texas fagnaði nýju ári 2015 með inntöku 18 nýrra félaga. Þetta er fólk sem líkar og vill taka þátt í því sem klúbburinn stendur fyrir. Svör nýju félaganna þegar þeir voru spurðir hvers vegna þeir vildu ganga til liðs við klúbbinn voru mismunandi: “Hjálpa fólki sem er hjálpar þurfi” sagði einn; “Kynnast góðu fólki í klúbbnum”, sagði annar; “Að leggja lið er einlægt áhugamál mitt”, sagði sá þriðji.

Vonandi gengur öðrum klúbbum jafnvel að bæta við nýjum félögum nú þegar aldarafmæli LCI er framundan árið 2017. Hleypst hefur verið af stökkunum nýju verkefni til þess að örva félagafjölgun, Membership Awards Program, í sambandi við afmælið. Joe Preston alþjóðaforseti hvetur alla, jafnt félaga sem klúbba, til þess að grípa tækifærið og leggja lið með því að fjölga félögum. Sérstakar viðurkenningar; fánamerki og falleg barmmerki sem gefin eru út í takmörkuðu upplagi, verða veittar þeim sem koma með nýja félaga til liðs við hreyfinguna eða stofna nýjan klúbb á tímabilinu 1. apríl 2015 til 30. júní 2018. Á það við um félaga jafnt sem klúbba.

Viðurkenningarnar eru í þrepum. Ef nýr félagi eða nýr klúbbur er skuldlaus við hreyfinguna eftir eitt ár og einn dag fær meðmælandi eða ábyrgðarmaður sérstakt 100

ára silfurmerki (Silver Centennial) auk barmmerkisins. Á sama hátt fær meðmælandi/ ábyrgðarmaður 100 ára gullmerki ef nýr félagi/klúbbur reynist skuldlaus eftir tvö ár og einn dag og demantsmerki eftir þrjú skuldlaus ár og einn dag. Skuldlaus þýðir að gjöld til alþjóðastjórnar hafi verið greidd að fullu og að engin útistandandi skuld sé til staðar 90 dögum eftir gjalddaga.

Klúbbar geta einnig öðlast viðurkenningu sem Úrvalsklúbbur (Premier Centennial) ef þeir taka inn a.m.k. þrjú nýja félaga á árunum 2015, 2016, 2017, eða stofna nýjan klúbb, og séu þeir virkir í tvö ár og einn dag. Heimsklúbbur (World Class) er sá klúbbur sem tekur

inn a.m.k. þrjú nýja félaga þrjú ár í röð, 2015, 2016 og 2017 og stofnar nýjan klúbb á því tímabili. Heimsklúbbur njóta sömu viðurkenninga og úrvalsklúbbarnir auk sérstakrar viðurkenningar sem viðkomandi umdæmisstjórar afhendir.

Tæmandi upplýsingar um verkefnið má finna á vefsíðu LCI.

*Þýðing: Edda Briem*



Lionsklúbbur í Bangladesh tekur inn nýja félaga.



Klúbbar í fjölumdæmi 300 í Taiwan sverja inn nýja félaga að viðstöddum Joe Preston alþjóðaforseta.



Lionsklúbbur í Chicago, Illinois bætir nafni 18 ára félaga við félagaskrána.





Sounds from the Heart

Lions World Song Festival for the Blind

## Söngvakeppni fyrir blinda í Kraká í Pólland 12.-14. nóvember 2015

### „Hljómar frá hjartanu“ í Kraká

Alþjóðlega söngvakeppni fyrir blinda „Hljómar frá hjartanu“ verður haldin í Kraká í Pólland 12.-14. nóvember 2015. Keppnin er nú haldin í annað sinn, en fyrsta keppnin var í nóvember 2013 á sama stað. Keppendur voru 27 frá 10 löndum. Haraldur Hjálmarsson tók þátt í fyrstu keppninni fyrir hönd Íslands og fékk heiðursverðlaun borgarstjórans í Kraká.



### Blint eða sjónskert tónlistarfólk

Markmið með keppninni er að auka skilning á vanda blindra og sjónskertra, í samræmi við markmið Lions um sjónvernd. Samkeppnin er ætluð hæfileikaríktum söngvurum, sem eru blindir eða sjónskertir, en eru ekki starfandi tónlistarmenn. Vonast er til að keppnin geti vakið athygli á þeim og opnað dyr að tónlistariðnaðinum, svo þeir geti hafið sinn faglegan feril.

### Metnaðarfullt Lionsverkefni

Það eru Lionsklúbbar sem finna blindan tónlistarmann, styrkja hann og skrá í keppnina. Lionsklúbburinn Perlan í Reykjavík er skipuð blindum og sjónskertum félögum, en þau hafa mikinn áhuga á þessu



Slowacki Theatre, í Kraká, þar sem aðalkeppnin fer fram.

metnaðarfulla verkefni. Þau ætla að taka þátt í keppninni í annað sinn, eru að leita að keppanda og að finna fjármagn til að kosta þátttökuna. Klúbbbar og einstaklingar sem vilja styrkja þetta glæsilega verkefni er bent á að hafa samband við Lionsklúbbinn Perluna Reykjavík eða við undirritaða.

### Borg fyrir blinda

Kraká er falleg borg og góður rammi utan um viðburðinn. En Kraká fékk sérstaka viðurkenningu frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fyrir gott aðgengi „Access City Award 2011“. Blindir og sjónskertir ferðamenn geta ferðast um borgina með hjálp GPS-tækni, upphleypra (prívíðra) blindravegvísa og blindralandakorta, sem gefur þeim tækifæri til að njóta borgarinnar og kynnast menningu hennar og sögu.

Guðrún Björt Yngvadóttir  
Fyrirverandi alþjóðastjórnarmaður  
896-7097, gudrun@hraunfolk.net

## Minning † Hrefna Ólöf Ólafsdóttir



Fædd 16. mars 1956.

Árið 2011 gekk í Lionsklúbbinn Úu Mosfellsbæ, glæsileg kona Hrefna Ólafsdóttir. Hrefna gekk í klúbbinn með jákvæðu hugarfari, var alltaf til í að taka þátt og/eða gera það sem þurfti. Hún varð strax ein af okkur. Hrefna auðgaði klúbbstarfið og okkur klúbbfélaga með nærveru sinni. Því miður fengum við ekki að hafa Hrefnu lengi meðal okkar þar sem veikindi hennar tóku sinn toll. Alltaf var Hrefna samt jákvæð og bjartsýn á að hún væri alveg að koma til

okkar aftur þegar við heyrðum í henni. En í þetta sinn sigraði krabbameinið bjartsýna og baráttumikla konu, Hrefna féll frá föstudaginn 13. febrúar sl. Við söknum góðs félaga. Sendum fjölskyldu hennar og vinum samúðarkveðju.

F.h. Lionsklúbbsins Úu MOsgellsbæ  
Ósk G. ARadóttir, formaður Úu.

Að hryggjast og gleðjast  
hér um fáa daga  
að heilsast og kveðjast.  
Það er lífsins saga.  
(Páll J. Árdal)

# Nýr skóli gefur börnum tækifæri

Eftir Cassandra Bannon



Nýi skólinn í Kempa er mikil framför.

Foreldrar barna í bænum Kempa í Kongó meta fræðslu barna sinna mikils en þau höfðu ekki úr miklu að spila þegar þau byggðu einnar kennslustofu skólalúsi úr mold og stráum. Það voru engir gluggar, það vantaði borð og stóla, engin snyrtiaðstaða, og regnið streymdi í gegnum stráþakið. Í skólanum voru 140 nemendur sem þarna voru að læra við algerlega ófullnægjandi aðstæður. Fyrir rest hrundu veggir skólans.

Félagar í Lionsklúbbnum Acqui Terme Host í Ítalíu þekkja vel aðstæður í Kongó og vita að þar er aðeins um það bil 30% læsi. Félagar klúbbsins vita líka að ólæsi dregur úr möguleikum einstaklinga á vinnumarkaðinum og dregur jafnvel úr aðgengi að góðri heilbrigðisþjónustu. Með þetta í huga var samþykkt á klúbbsfundum að aðstoða foreldrana í Kempa. Þeir fengu Lionsklúbbinn Kinshasa Bondeko til liðs við sig og saman ákváðu þeir að byggja nýtt skólalúsi.

Lkl. Acqui Terme Host ráðgerðu að byggja fjórar byggingar, tvær byggingar með 12 kennslustofum hvor, ein bygging fyrir aðstöðu kennara og bókasafn og eina byggingu fyrir snyrtiaðstöðu, geymslur og annað sem á þarf að halda.

Klúbburinn stóð fyrir stórum fjárflyunarkvöldverði og fengu aðstoð frá öðrum Lionsklúbbum. Lionsklubbarnir Acqui e Colline Acquesi, Cortemilia e Valli, Nizza-Canelli and Carpentras Comptat Venaissin lögðu fram bæði vinnu, fjármagn og byggingarefni.

Alþjóðahjálparsjóðurinn LCIF hefur nokkra flokka af styrkjum sem hægt er að sækja í. Standard Grant styrkir eru venjulega veittir til að styðja við tækjakaup og geta verið bilinu 10.000 – 100.000 dollarar, þó aldrei hærra en framlag þeirra sem sækir um styrkinn. Til þess að geta klárað skólabygginguna vantaði klúbbana 35.750 \$ dollara og því var sótt um Standard Grant frá LCIF sem var samþykktur af stjórn sjóðsins.

Undirbúningurinn og skipulagsvinnan reyndust verða auðveldi hluti verkefnisins. Kempa er í 137 mílna fjarlægð suð-vestur af höfuðborg landsins og vegakerfið ekki uppá sitt besta. Íbúar Kempa fara allra sinna ferða fótgangandi svo vegirnir þar eru ekki gerðir fyrir bílaumferð. Megin flutningar fara eftir ám og fljótum en engin stór á er nálægt Kempa. Allt byggingarefni var því flutt með fljótaprömmum og svo með sérstökum flutningabílum þaðan til Kempa. Með góðri samvinnu allra sem að flutningunum komu tókst að koma öllu byggingarefni á staðinn.

Afram var haldið og skólinn er nú komin í notkun með fyrsta flokks aðstöðu bæði fyrir nemendur og kennara. Félagarnir í Lkl. Acqui Terme Host og aðrir sem að verkefninu komu gera ráð fyrir að allt að 240 nemendur frá Kemp og næsta nágrenni hafi aðgang að þessu góða kennsluhúsnæði Húsnæði með steiptu gólfi, gluggum sem hleypa sólarljósinu og birtunni inn, hurðum sem hægt er að loka, borðum og stólum og ekki síst þaki sem ekki lekur. Aðstaðan öll eins og best verður á kosið.

Verkefninu er þó ekki lokið því félagarnir í Lkl. Acqui Terme Host hafa ákveðið að útvega skólanum kennslubækur, stílabækur og ritföng að minnsta kosti næstu fimm árin.

Lions á nú stóran þátt í því að bæta læsi og lífsgæði ungmennanna í Kempa og næsta nágrenni. Vegna þessarar uppbyggingar eiga þau bjartari framtíð.

Upplýsingar Standard Grant Alþjóða hjálparsjóðsins era þ finn á heimasíðu LCIF <http://www.lcif.org/EN/lions-center/grants/standard.php>

Dýðing: Kristinn Hannesson

## Fréttir frá Lionsklúbbnum Suðra

Nýir félagar í Lionsklúbbnum Suðra sem teknir voru í klúbbinn á síðasta fundi þeir Örn Sigurðsson og Gunnar Valgeirsson.

Frá vinstri Karl Pálmason meðmælandi Gunnars Valgeirssonar, Birgir Hinriksson meðmælandi Arnar Sigurðssonar, Örn Sigurðsson, Sigurður Ævar Harðarson formaður klúbbsins og Gunnar Valgeirsson

Kveðja  
Ásgeir Magnússon



# Fleiri konur – meiri fjölbreytileiki

Guðrún Björt Yngvadóttir

Fyrirv. alþjóðastjórnarmaður



## Sterkari Lionshreyfing

Markmið alþjóðastjórnar Lions er að Lions endurspegli samfélagið, þar séu konur og karlar, fólk á öllum aldri með fjölbreyttan bakgrunn og reynslu, en það gerir klúbbana sterka og fjölhæfa. Markmiðið er að konur verði 50% árið 2017, þegar Lions fagnar 100 ára afmæli.

## Fleiri hugmyndir

„Við þurfum ekki fleiri konur til að geta talað um jafnrétti. Við þurfum á kunnáttu og getu kvenna að halda. Þær koma með mismunandi sjónarmið, mismunandi getu og drífandi áhuga. Þær setja markmið, takast á við verkefni sem þær klára á þann hátt sem karlmenn geta ekki, gera ekki eða nenna ekki.“ (Barry Palmer fyrirverandi alþjóðaforseti)

## Konur og ungt fólk

Er Lions aðlaðandi fyrir konur og ungt fólk? Stóra spurningin er „Hvernig getur Lions orðið aðlaðandi fyrir konur og yngra fólk?“ Alþjóðlegt átak er í gangi til að fjölga konum og virkja fleiri konur til forystustarfa. Með því móti hefur víða tekist að fjölga yngra fólki til muna, bæði konum og körlum.

## Léttari fundir

Karlar og konur hafa ekki alltaf sömu markmið og væntingar í Lions. Kannanir sýna að flestir, bæði konur og karlar, eru í Lions vegna vináttunnar, til að leggja lið og til að vaxa félagslega. Konur hafa oft áðrar hugmyndir um hvernig á að skipuleggja fundi og konur hafa oft áhuga á öðrum verkefnum. Með því að taka fagnandi hugmyndum kvenna, hafa klúbbar og umdæmi vaxið. Þegar konur og karlar, ungir og eldri marka stefnuna saman er útkoman betri.

## Ísland taki sig á

28% Lionsfélaga á Íslandi eru konur, en meðaltalið á heimsvísu er 27%. Fyrir 5 árum voru konur yfir 30% á Íslandi en um 20% á heimsvísu. Við vorum líka með gott hlutfall kvenna í forystusveit, en þar höfum við líka dregist aftur úr. Við þurfum að snúa dæminu við, setja okkur tímasett markmið og vinna skipulega að markmiðum Lions um jafnt hlutfall kvenna og karla á 100 ára afmælinu 2017.

## Betri árangur

Athuganir hafa sýnt að Lionsumdæmi styrkjast við það fá fleiri konur. Alþjóðlegar kannanir um allan heim, hafa sýnt að blandaðir klúbbar eru sterkari, en karla- eða

kvennaklúbbar. Fjölbreytileikinn gerir klúbbana hæfari til að takast á við breytingar og klúbbstarfið verður skemmtilegra og verkefnið árangursríkari. Það auðveldar klúbbum líka að fá yngri félagi, sem flestir klúbbar þurfa á að halda. Við þurfum ekki að breyta okkar sterku karla- eða kvennaklúbbum, en ef klúbburinn þarf „upplýftingu“ þá hefur blöndun reynst vel. Við gætum líka stofnað blandaða klúbba, það er framfararspor.

## 100 karlar

Frá stofnun Lions 1917, hafa allir alþjóðaforsetar verið karlkyns, en nú stefnir í breytingar. Konur fengu rétt til að gerast Lionsfélagar með sömu réttindi og skyldur og karlar árið 1987. Síðan þá hafa konur gegnt ýmsum forystustörfum, frá klúbbformanni upp í umdæmisstjóra, nokkurn veginn í samræmi við hlutfall kvenna meðal félagi. Konur eru enn í minnihluta í alþjóðastjórn.

## Fyrsta konan

Mikill áhugi er fyrir því að fá konu sem alþjóðaforseta og er pressan mikil frá okkar æðstu leiðtogum. Fyrsta konan verður líklega kosin á alþjóðafingi 2016, til embættis 2. eða 3. varaforseta, en fjórar konur gefa kost á sér í embættið. Þær eru frá Bandaríkjunum, Kanada, Suður Ameríku og Evrópu (Íslandi). Áfram konur – Áfram Evrópa – Áfram Lions !



## Minning † Halldór R. Halldórsson



Flutt á fundi 18. mars 2015

Nú er komið skarð í hópinn okkar. Hinn góði félagi okkar Halldór R. Halldórsson andaðist þann 9. mars síðastliðinn eftir mjög erfið veikindi.

Halldór gekk til liðs við okkur 24. nóvember 1984 og hefur starfað vel með okkur í 30 ár. Halldór var mjög virkur í þeim verkefnum sem honum voru falin. Hann starfaði í flestum nefndum klúbbsins og var ritari í stjórn klúbbsins eitt tímabil. Öll þessi störf vann hann af samviskusemi og dugnaði. Fyrir störf sín

var hann sæmdur æðstu viðurkenningu hreyfingarinnar, Melvin Jones Fellow.

Halldór lærði bifvélavirkjun og vann á bifreiðaverkstæði Sambandsins nokkur ár. Síðan starfaði hann hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins og Frumherja við bifreiðaskoðun. Hann tók ökukennarapróf 1971 og vann við ökukennslu meðfram annarri vinnu og eingöngu s.l. 8 ár eða þar til hann varð að hætta að vinna vegna veikinda 2013. Eftirlifandi eiginkona Halldórs er Bryndís Eiríksdóttir og eiga þau þrjár dætur, Sigríði Gyðu, Kristínu Halldóru og Bimu Margrétu og eru barnabörnin orðin fimm.

Við félagarnir kveðjum Halldór með virðingu og þakklæti. Blessuð sé minning hans.

Félagar í Lionsklúbbnum Viðarr.



# Lionsklúbburinn Ægir

## Fimmtíu ára starfssaga

Á haustdögum barst mér í hendur ákaflega góð bók, það er fimmtíu ára starfssaga Lionsklúbbsins Ægis í máli og myndum. Þórhallur Arason fyrrverandi umdæmisstjóri hafði tekið að sér hið stóra og tímafreka verk að ritstýra útgáfu bókarinnar og gefið henni tíma sinn og alúð.

Lionsklúbburinn Ægir var stofnaður árið 1957 og varð sá tíundi í röðinni. Strax á fyrsta starfsári klúbbsins leituðu félagarnir verkefnis sem myndi hæfa þeim stórbotnu áformum sem þeir höfðu og félli sem best að hugsjónum Lionshreyfingarinnar. Oft er það kallað tilviljanir þegar á fjörur manna rekur það sem þeir helst óska eftir en ef betur er að gáð þá var það dugnaður og framsækni Ægis félaga sem varð til þess að þeir náðu sambandi við Sesselju Sigmundsdóttur og kynntust starfi hennar að Sólheimum í Grímsnesi.

Saga Sólheima og Ægis er svo samtvinnuð að þar verður ekki alltaf með góðu móti greint á milli. Húsbyggingar og viðhald, gróðursetningar, garðrækt og sundlaug. Ógerlegt er að telja upp verkin sem félagarnir unnu á Sólheimum. Þessu til viðbótar er samt ekki hægt annað en minnst á þá fjármuni sem klúbburinn hefur látið af hendi rakna sem skiptir ótöldum milljónum. Tól, tæki og þungavinnuvélar eru líka óupptalin, þar kom líka til liðsinni manna utan klúbbsins sem sýnir þann velvilja sem klúbburinn hefur notið.

Að þessu öllu saman ógleymsdu er vert að minnst jólasveinanna og annarra furðuvera sem skemmtu heimilismönnum á Sólheimum. Þá mátti oft á tíðum ekki á milli sjá hvorir skemmtu sér betur vistmennirnir eða jólasveinarnir sjálfir.

Einn er sá þáttur í glæstum ferli Ægis sem án efa hefur haft þar mikil áhrif, það er innkoma listamanna í klúbbinn, bæði lærðra og leikinna samfara óeigingjörnu starfi félaganna.

Mér hefur orðið nokkuð tíðrætt um Sólheima í starfi Ægis og er það að vonum, enda er það eitthvert stærsta verkefni sem Lionsklúbbur á Íslandi hefur tekið að sér.

Þórhallur Arason á heiður skilið fyrir svo ýtarlega bók um starf klúbbsins. Bók þessi er öðrum klúbbum fyrirmynd og hollt er okkur lionsmönnum að minnst þess að í öllum klúbbum verður til saga sem vert ert að til haga skuli haldið. Yngri félagar sem ekki þekkja söguna þurfa að geta fræðst af hinum sem eldri eru, hlustað á þá eða lesið sér til.

Að lokum þakka ég Þórhalli Arasyni fyrir frábært verk.

*Halldór Svavarsson  
Fyrrverandi fjölumdæmisstjóri*



# Spilaðu bingó

Með fjölskyldunni, vinum  
eða vinnufélögum  
Góð leið til fjáröflunar.  
Við leigjum græjurnar.

Skoðaðu vefsíðuna  
[www.bingospil.is](http://www.bingospil.is)



# 60. þing Lionsumdæmis 109

**Lionsþingið** á Seyðisfirði verður haldið dagana 15. og 16. maí næstkomandi. Undirbúningur hefur gengið vel hjá Lionsfélögum fyrir austan en það eru Lkl. Múli Fljótsdalshéraði og Lkl. Seyðisfjarðar sem standa fyrir þinginu. Þinghaldið fer að mestu fram í Íþróttahúsinu, Bíosalnum og Gamla Skóla og öll aðstaða í þessum byggingum er mjög góð.

Allt húsnæði sem notað verður í tengslum við þingið er í þægilegu göngufæri frá flestum þeim gististöðum sem í boði eru.

**Skráning** hefur gengið nokkuð vel en þó eiga enn margir klúbbar eftir að skila skráningum og eru þeir hvattir til að vinna bragabót á því sem allra fyrst.

Afhending þinggagna fer fram í Herðubreið og hefst fimmtudagskvöldið 14. maí kl. 20:00 og opið verður til kl. 22:00. Aftur verður svo opnað á föstudaginn 15. maí kl. 08:00.

**Skólarnir** hefjast kl. 09:00 föstudagsmorguninn 15. maí og verða með nokkuð hefðbundnu sniði. **Ritarar** eru sérstaklega hvattir til að taka með sér fartölvur því mikið af kennslunni fer fram með æfingum á netinu.

**Skrúðgangan**, sem er orðin órjúfanlegur hluti af þinghaldinu verður seinni part föstudagsins og eru þátttakendur minntir á að **taka með sér stóru klúbbfánana og stöng**. Ekki er nauðsynlegt að hafa með sér fót því fánarnir verða eingöngu notaðir í skrúðgöngunni.

**Setningarhátíðin** verður í Íþróttahúsinu strax á eftir skrúðgöngunni og eru makar þingfulltrúa hvattir til að taka þátt bæði í skrúðgöngunni og setningarhátíðinni.

**Kynningarkvöldið** verður haldið í Ferjuhúsinu. Kjörið tækifæri til að kynnast Lionsfélögum frá öllum landshornum og ekki síður þeim erlendu gestum sem sækja þingið.

**Námsstefna** um félagamálefni er fyrsti liður á dagskrá laugardagsins og hefst kl. 08:45. Góður undirbúningur fyrir öflun nýrra félaga.

**Umdæmisþingin** verða strax að lokinni námsstefnunni. Meðal dagskrárliða eru skýrslur umdæmisstjórnanna, kjör nýrra embættismanna og ýmislegt fleira. Kjörið tækifæri til að koma skilaboðum til nýrra embættismanna.

**Fjöllumdæmisþingið** eftir hádegi á laugardegnum verður nokkuð hefðbundið með sínum skýrslum, uppgjöri starfsársins og kjöri embættismanna. Sérstaklega er Lionsfélögum bent á að nýta sér tækifærið til að tjá sig um málefni hreyfingarinnar.

**Lokahófið** á laugardagskvöldinu verður glæsilegt og óhætt að hvetja alla sem geta að mæta þar.

**Lionsþingin** eru okkar vettvangur til að koma skoðunum okkar á framfæri og kynna okkar hugmyndir um starf og málefni hreyfingarinnar. Það er á Lionsþingunum sem við Lionsfélögarnir getum haft veruleg áhrif. Því fleiri sem við erum á þingunum, því fleiri hugmyndir geta komið fram til að efla og bæta okkar góða starf.

Látum okkur því ekki vanta.

Upplýsingar um þingið er einnig að finna á heimasíðu Lions-hreyfingarinnar [www.lions.is](http://www.lions.is) eða <http://www.mmedia.is/kristh/thing2015.htm>

Þingið er einnig með sína Facebook síðu, Lionsþing 2015

*Með Lionskveðju.*

*Kristinn Hannesson Þing- og Protocolstjóri*

## Dagskrá 60. þings Lionsumdæmis 109 haldið á Seyðisfirði 15. - 16. maí 2015

<b>Fimmtudagur, 14. maí</b>	
20:00 – 22:00	Skráning og afhending þinggagna – Herðubreið
<b>Föstudagur, 15. maí</b>	
08:00 – 09:00	Skráning og afhending þinggagna – Herðubreið
09:00 – 14:50	Skólar embættismanna: Skóli formanna – Bíosalur Skóli ritara – Íþróttahúsi ( <b>ritarar munið eftir fartölvum</b> ) Skóli gjaldkera – Gamli Skóli Skóli svæðisstjóra – Fundarsalur 2. hæð Íþróttahúsi
10:00 – 10:15	Kaffihlé – Á göngum við skólana
12:00 – 13:00	Hádegisverður – Herðubreið
13:00 – 14:50	Skólum framhaldið – Sömu stofur
15:00 – 15:30	Sameiginlegur skóli – Íþróttahúsi
15:30 – 15:50	Kaffihlé – Herðubreið
16:00	Mæting í skrúðgöngu – Við Íþróttahús
16:15	Skrúðganga leggur af stað ( <b>munið eftir stóra klúbbfánanum</b> )

16:45 – 17:45	Þingsetning – Íþróttahúsi
20:00 – 23:00	Kynningarkvöld – Ferjuhúsi
<b>Laugardagur, 16. maí</b>	
08:45 – 09:15	Námsstefna um féлага- og útbreiðslumál – Íþróttahúsi
09:30 – 11:45	Þingi umdæmis 109A framhaldið – Íþróttahúsi Þingi umdæmis 109B framhaldið – Bíosalur
10:30 – 10:45	Kaffihlé – Fyrir framan þingsal
12:00 – 13:00	Hádegisverður – Herðubreið
13:00 – 17:30	Þingi fjölumdæmis 109 framhaldið – Íþróttahúsi
15:00 – 15:15	Kaffihlé – Herðubreið
13:30 – 16:30	Makadagskrá – Lagt af stað frá Íþróttahúsi
19:30 – 02:00	Lokahóf – Íþróttahúsi

**Ath. Þessi drög að dagskrá gæti breyst litillega.**

Dagskráin fer öll fram í Íþróttahúsinu, nema annað sé tekið fram Athugið að Herðubreið og Bíosalur eru í sömu byggingu og Íþróttahúsið



# Fréttir frá Lionsklúbbum Eðnu á Akranesi



Vetrarstarfið hjá okkur Eðnukonum á Akranesi hefur að mestu verið með hefðbundnu sniði. Góð blanda af fjáröflun, styrkveitingu, fræðslu, skemmtun og leik. Kraftmiklar konur og góður andi í hópnum. Myndirnar tala sínu máli.



Við afhendingu 200 þús kr styrks til Hvers endurhæfingarstöðvar í september.



Kaffi, kleinur og létt spjall eftir morgungöngu í Skógræktinni í október.



Standandi bingó á jólafundi.



Fyrsta hjálpi, fyrirlestur og sýnikennsla á vegum Rauða krossins á janúarfundi.



Áhugasamar félagskonur hlýða á fyrirlestur.



Föndurgerð á adventunni.



Auður og Sígþóra úr varastjórn voru nemendur í Leiðtogaskólanum þetta árið og þótti námið mjög svo gagnlegt.



Það var líf og fjör á Svelffundinum í febrúar, okkar stærstu fjáröflun, 140 glæsilegar konur samankomnar.



Við afhendingu hægindastóls og útoarfs í hvíldarinnlagnarherbergi Dvalarheimilisins Höfða í janúar.



Hluti af hópnum í óvissuferð síðastliðið vor.



Línudanssýning og kennsla á marsfundi.



## Borist hafa eftirfarandi framboð í embætti sem kjósa skal um á fyrir árið 2015 - 2016



### Kynning á frambjóðanda til embættis annars varaforseta Alþjóðasamtaka Lions, kosinn á alþjóðþingi 2016 í Fukuoka Japan

Guðrún Björt Yngvadóttir Lkl. Eik, Garðabæ er fædd í Reykjavík 1948. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík og prófi í lífeindafræði frá Tækniskóla Íslands. Hún hefur starfað við rannsóknir og kennslu á Íslandi og Svíþjóð. Guðrún Björt stundaði nám í stjórnun og kennslufræði við Háskólann í Gautaborg. Hún var í 7 ár deildarstjóri Heilbrigðisdeildar Tækniskóla Íslands. 1987-1990 stundaði hún nám í listasögu og heimspeki við Háskóla Íslands. Eftir það starfaði Guðrún Björt hjá Endurmenntun Háskóla Ísland, fyrst sem deildarstjóri, en lengst af sem námsstjóri aðstoðarforstöðumaður.

Guðrún Björt gekk í Lionsklúbbinn Eik í Garðabæ 1992 og hefur verið virkur félagi síðan, m.a. formaður 1999-2000. Í umdæmisstjórn var hún m.a. Leofulltrúi, gjaldkeri og fræðslufulltrúi.

Í fjölumdamisráði hefur hún m.a. verið ritari, LCIF-stjóri og fræðslustjóri; hefur kennt á leiðtoganámskeiðum síðan 1996 og stofnaði Leiðtogaskólann 2000. Hún var í forsvari fyrir Alþjóðlega Sjönerndardag Lions og í Aldarafmælisnefnd Lions, tengiliður MD109 og alþjóðastjórnar. Hún hefur verið í nefnd um lestarátak og langtímastefnumótun, fulltrúi Íslands í norrænni átaksnefnd „Konur í Lions“.

Guðrún Björt var umdæmisstjóri 109A 2008-2009, fjölumdamisstjóri 2009-2010. Hún var fyrsta kona í Evrópu sem kosin var í alþjóðastjórn Lions 2010-2012, síðan í ráðgjafarnefnd alþjóðaforseta 2012-2013. Hún var fulltrúi Evrópu í alþjóðlegri nefnd 2014-2015, við endurskoðun á LCIF.

Guðrún hefur kennt á Leiðtogaskólum í Evrópu síðan 1999, verið fyrirlesari og kennari á umdæmisþingum í Evrópu, NSR, Evrópu Forum og Alþjóðþingum síðan 2000 og fulltrúi alþjóðaforseta á nálægt 40 þingum í 23 Evrópulöndum og á fjölda viðburða í 5 heimsálfum.

Guðrún er gift Jóni Bjarna Þorsteinssyni lækni, félagi í Lkl. Mosfellsbæjar og fyrrverandi alþjóðastjórnarmanni. Þau eiga tvö börn, Þorstein Yngva og Ingibjörgu Hönnu og 5 barnabörn.



### Guðmundur Helgi Gunnarsson L.kl. Fjörgyn til embættis fjölumdamisstjóra MD 109 starfsárið 2015-2016

Guðmundur Helgi fæddist í Reykjavík þann 22. sept. 1947 og er húsasmíðameistari að mennt og hefur allan sinn starfsaldur starfað í byggingariðnaði á einn eða annan hátt, sem smiður, verkstjóri, byggingarstjóri, þjónustustjóri og nú sem stjórnandi hjá ÍAV þjónustu.

Guðmundur Helgi gekk til liðs við Lionsklúbbinn Fjörgyn vorið 2000 eftir að hafa þekkt vel til Lionshreyfingarinnar í 10 ár

Í klúbbnum sínum Fjörgyn hefur hann m.a. verið ritari 2002-2003, formaður klúbbsins tvisvar 2005-2006 og aftur 2008-2009. Guðmundur hlaut Melvin Jones viðurkenningu frá klúbbnum árið 2007, þá hlaut hann Club President Excellence Award árið 2010. Guðmundur Helgi sótti Leiðtogaskóla Lions í Munaðarnesi 2002. Hann hefur sótt þrenn

alþjóðþing og fjölmörg NSR þing. (Norræna samstarfsráð Lions)

#### Störf fyrir umdæmi og fjölumdamæmi

Guðmundur Helgi sat í byggingarnefnd fjölumdamisins á árunum 2001-2003 þar sem fjallað var um húsnaðismál hreyfingarinnar m.a. hvort selja ætti Lionsheimilið í Sóltúni eða ráðast í endurbætur. Á þessu starfsári hefur hann verið formaður nefndar um sama málefni. Hann var í í úthlutunarnefnd Rauðufjaðrarsjóðsins 2004 og þingnefnd fjölumdamisþings 2008. Guðmundur Helgi var fræðslustjóri frá 2009-2011 og kom að kennslu í ritarskóla Lionshreyfingarinnar á árunum 2004-2009 og 2011.

Hann hefur starfað í umdæmisstjórnnum beggja umdæma, fyrst sem LCIF- og Medic Alert fulltrúi í umdæmisstjórn 109B 2006-2007, LCIF fulltrúi 2007-2008, fræðslufulltrúi 2008-2009. Lionsklúbburinn Fjörgyn hefur frá árinu 2009 tilheyrt umdæmi 109A og var Guðmundur Helgi umdæmisritari/gjaldkeri starfsárin 2009 – 2011, hann var umdæmisstjóri 109A 2012-2013 og í vetur hefur hann gengt embætti vara fjölumdamisstjóra.

Eiginkona Guðmundar Helga er Hrund Hjaltadóttir f.v. Grunnskólakennari. Hún er stofnfélagi í L.kl. Fold. Hún hefur tvívegis verið formaður í klúbbnum og gengt ýmsum embættum í umdæmi 109B og fjölumdamæmi MD 109. Hún er fyrrverandi umdæmis- og fjölumdamisstjóri.

Kæru Lionsfélagar Guðmundur Helgi býður enn á ný fram starfskrafta sína fyrir Lionshreyfinguna og gerir það með mestu ánægju.



## Árni Brynjólfur Hjaltason L.kl. Njarðvíkur til embættis varafjölumdæmisstjóra MD 109 starfsárið 2015-2016

Árni Brynjólfur Hjaltason er fæddur 29. október 1964 á Ísafirði. Hann er sonur Hjalta Más Hjaltasonar skipstjóra og Guðrúnar Guðmundsdóttur. Árni Brynjólfur er húsasmíðameistari að mennt. Árni Brynjólfur hefur starfað aðallega við smíðar en einnig verið til sjós. Hann bjó og starfaði í Noregi frá 1996-1998 við smíðar. Árni Brynjólfur vann við smíðar hér heima frá 1998-2009, frá 2009 til loka árs 2011 starfaði hann í Nuuk á Grænlandi og Mandal í Noregi. 2012-2014 starfaði Árni Brynjólfur sem smiður hjá ÍAV. Í dag starfar Árni Brynjólfur við þjónustu og öryggisstörf í Bláa Lóninu.

Árni Brynjólfur er giftur Hafdísí Friðriksdóttur grunnskólakennara og eiga þau þrjú börn, Friðrik fæddur 1995, Guðrún Lára fædd 1998 og Ólafía Sigríður fædd 2006. Þau eru búsett í Ytri-Njarðvík í Reykjanesbæ. Árni

Brynjólfur Hjaltason hefur verið félagi í Lionsklúbbi Njarðvíkur frá árinu 2000. Hann hefur gegnt ýmsum störfum innan klúbbsins, meðal annars sem formaður, ritari og gjaldkeri, sem og í öðrum nefndum klúbbsins. Árni Brynjólfur gegndi embætti svæðisstjóra á svæði 5 starfsárið 2007-2008. Starfsárið 2008-2009 gengdi hann embætti umhverfisfulltrúa 109A. Starfsárið 2013-2014 gengdi Árni Brynjólfur embætti umdæmisstjóra 109A.



## Jón Pálmason L.kl. Víðarr til embættis umdæmisstjóra 109A starfsárið 2015-2016

Lionsklúbburinn Víðarr býður fram til embættis umdæmisstjóra 2015 – 2016 í umdæmi 109A, klúbbfélaga sinn Jón Pálmason rafmagnsverkfræðing.

Jón hefur verið í klúbbnum síðan 1. apríl 2002, var ritari 2004-2005 og hann gegndi formennsku í klúbbnum 2011 – 2012 og hefur gegnt flestum öðrum embættum í klúbbnum.

Auk þess hefur hann gegnt stöðu netstjóra Lions 2010-2014 og starfi svæðisstjóra á svæði 8 starfsárið 2013-2014 í umdæmi 109A. 2013 var Jón kjörinn annar vara umdæmisstjóri og 2014 fyrsti varaumdæmisstjóri. Jón hefur sótt sér réttindi til að kenna leiðtogum Lions, og kennt á Leiðtogaskóla Lions undanfarin tvö skipti. Jón er Melvin Jones félagi og hefur fengið „Leadership“ orðu frá alþjóðaforseta.

Jón starfar hjá Verkfræðistofunni Verkís, sem verkefnastjóri. Hann er auk þess viðskiptastjóri fyrir Verkís í Grænlandi og er í stjórn dótturfyrirtækis þess þar S&M-Verkis.

Eiginkona Jóns er Marianne S. Nielsen og eiga þau 3 börn



## Stefán Árnason L.kl. Vitaðsgjafi til embættis umdæmisstjóra 109B starfsárið 2015-2016

Lionsklúbburinn Vitaðsgjafi býður fram til embættis umdæmisstjóra í umdæmi 109B starfsárið 2015 -2016, féлага klúbbsins Stefán Árnason. Stefán hefur mikla reynslu af trúnaðarstörfum fyrir Lkl. Vitaðsgjafa þar sem hann hefur verið félagi síðan 1993. Á þeim tíma hefur hann gegnt flestum þeim embættum sem til er að dreifa í Lionsklúbbi og meðal annars verið formaður klúbbsins tvisvar. Hann var svæðisstjóri á svæði 6 2009 – 2010 og GMT fulltrúi 2010 – 2011. Þá var hann annar varaumdæmisstjóri 2013 – 2014 og varaumdæmisstjóri 2014 - 2015 Stefán lauk miðskólaprófi frá Gagnfræðaskóla Akureyrar og hefur lengst af síðan unnið ýmiss skrifstofustörf. Hann hefur frá árinu 1991 verið skrifstofustjóri hjá Eyjafjarðarsveit og setið í ýmsum nefndum og stjórnnum fyrir sveitarfélagið. Stefán lauk námi í opnberri stjórnslu og stjórnun frá HÍ 2001. Auk þess hefur hann sótt ýmis

námskeið tengd starfi sínu hjá Eyjafjarðarsveit.

Stefán er kvæntur Vöku Jónsdóttur, iðnrekstrarfræðingi og eiga þau tvær uppkomnar dætur og 8 barnabörn.



## Björg Bára Halldórsdóttir L.kl. Rán til embættis fyrsta varaumdæmisstjóra 109B starfsárið 2015-2016

Björg Bára Halldórsdóttir er félagi í Lionsklúbbnum Rán í Ólafsvík en hún gekk til liðs við Lionshreyfinguna 1991. Hún hefur verið virkur félagi alla tíð og gegnt flestum embættum innan klúbbsins, meðal annars verið formaður tvisvar. Hún var ritari B umdæmisins starfsárið 2010-11, menningarfulltrúi 2013-14 og annar varaumdæmisstjóri 2014-15. Árið 2011 fékk hún heiðursviðurkenningu alþjóðaforseta Lion Dr.Wing-Kun Tam.

Björg Bára er gift Sigurjóni Bjarnasyni rafverktaka og eiga þau þrjú uppkomin börn. Saman reka þau hjónin rafverktakafyrirtækið SB raftækni sf. Auk þess starfar hún hjá Tölvuverki bókhaldsþjónustu í Ólafsvík við bókhald, skattskil og rekstrarráðgjöf. Björg Bára er menntaður viðskiptafræðingur. Hún hefur starfað við bókhald og stjórnun í gegnum tíðina lengst af sem framkvæmdastjóri Heilsugæslustöðvarinnar í Ólafsvík frá 1998 til 2010.

Félagsmál hafa alltaf heillað og hefur Björg Bára verið virk í starfi Ungmennafélagsins Víkings, Ólafsvík og Slysavarnadeildarinnar Sumargjafar um árabíl. Hún hefur setið í stjórn Sjúkratrygginga Íslands, Landsnefnd um lýðheilsu og stjórn Landssamtaka heilsugæslustöðva svo eitthvað sé nefnt.

Helstu áhugamálin eru ferðalög, útivist, fótbolti (LFC) og tónlist auk samveru með fjölskyldu og vinum. Hún hefur stundað badminton með góðum vinum í áráraðir.



## Björn Guðmundsson L.kl. Hængur til embættis annars varaumdæmisstjóra 109B starfsárið 2015-2016

Björn Guðmundsson er fæddur í Hafnarfirði 25. maí 1972. Hann ólst upp í Hveragerði og lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskóla Suðurlands árið 1993. Árið 1994 innritaðist Björn í rekstrardeild Háskólans á Akureyri og lauk prófi sem rekstrarfræðingur vorið 1996. Árið 2000 lauk Björn námi til löggildingar fasteigna, fyrirtækja og skipasölu. Haustið 2008 hóf Björn nám til Msc gráðu í viðskiptafræðum við Háskólann á Akureyri og lauk þeirri gráðu vorið 2010.

Björn hóf störf á Fasteignasölunni Bygg á Akureyri vorið 1996 en þar starfar hann enn auk þess að vera hluthafi í rekstrinum og framkvæmdarstjóri félagsins. Eiginkona Björns er Sigríður Magnúsdóttir, kennari og eiga þau tvo syni.

Björn gekk í Lionsklúbbinn Hæng vorið 2006. Hann var formaður klúbbsins 2011-2012 og ritari 2009 – 2010. Björn hefur starfað í flestum nefndum klúbbsins. Björn er núverandi svæðisstjóri á svæði 6 í umdæmi 109B.



## Gunnar Vilbergsson L.kl. Grindavíkur til embættis fyrsta varaumdæmisstjóra 109A starfsárið 2015-2016

Okkur í Lionsklúbbi Grindavíkur er ánægja að kynna framboð Gunnars Vilbergssonar til 1. varaumdæmisstjóra á svæði 109A.

Gunnar er fæddur í Grindavík og hefur alið sinn aldur þar. Eiginkona hans er Margrét Rebekka Gísladóttir og hún er ættuð frá Ólafsvík. Þau eiga 3 syni, 12 barnabörn og 2 barnabarnabörn.

Gunnar var lengst af í lögreglunni í Keflavík og var einnig umboðsmaður fyrir Sjóvá frá 1982 til 1. júlí 2014 en þá hætti hann störfum.

Gunnar hefur sinnt ýmsum störfum fyrir Lionsklúbb Grindavíkur. Verið gjaldkeri, ritari og formaður, var svæðisstjóri á svæði 5 og síðan sykursýkisfulltrúi í umdæmi 109A í þrjú ár. Þetta starfsár var hann 2.

varaumdæmisstjóri á svæði 109A og heimsótti klúbba á svæði 4. Gunnar fékk afhenta sérstaka viðurkenningu frá alþjóðaforseta fyrir störf að sykursýkismálum. Þá er Gunnar Melvin Jones félagi.

Hann var formaður UMFG í 2 ár, í stjórn knattsp.deildar UMFG nær óslitið frá 1980 til 2008. Hann var í bæjarstjórn Grindavíkur frá 1982-1986. Ýmislegt annað hefur fallið til án þess að það verði tilgreint sérstaklega.

*Stjórn Lionsklúbbs Grindavíkur*





## Sveinn Ingi Lýðsson L.kl. Álftanes til embættis annars varaumdæmisstjóra 109A starfsárið 2015-2016

Lionsklúbbur Álftaness býður fram Svein Inga Lýðsson til embættis annars varaumdæmisstjóra 109A. Sveinn Ingi er fæddur á Hólmanvík 10. mars 1955. Hann ólst upp á bænum Húsavík við Steingrímsfjörð við hefðbundin sveitastörf. Sveinn Ingi hefur unnið við ýmis störf, verið á sjó unnið sem línumaður, við vinnuvélastjórn, akstur vöru- og hópþífreidda, í álveri en var lögreglumaður um 20 ára skeið, lengst af varðstjóri í Stykkishólmi. Hann starfaði hjá Vegagerðinni 2001 – 2013 en síðan sem hópstjóri hjá Samgöngustofu. Stundaði nám við Reykholtsskóla, lögregluskólann 1981 – 83, réttindanám öflugkennara í Kennaraháskólanum 1995 – 96, lauk námi í Verkefnastjórnun við EHI 2009 auk fjölda starfstengra námskeiða. Hann gekk í Lionsklúbb Stykkishólms 1985 en gekk síðan 2003 til liðs við Lionsklúbb Álftaness og þar hefur hann m.a. verið formaður, ritari, gjaldkeri og í ýmsum nefndum.

Síðustu tvö ár hefur hann starfað sem svæðisstjóri á svæði 6.

Stefán er kvæntur Vöku Jónsdóttur, iðnrekstrarfræðingi og eiga þau tvær uppkomnar dætur og 8 barnabörn.



## Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir L.kl. Æsa til embættis ungmennaskiptastjóra MD 109 starfsárin 2015-2017

Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir heiti ég og gef kost á mér til embættis ungmennaskiptastjóra fjölmæmisins 109 frá árinu 2015 til 2017. Ég er fædd 1974 og alin upp í Borgarnesi. Eftir að grunnskóla lá leið mín í Menntaskólanna að Laugarvatni, þaðan sem ég lauk stúdentsprófi 1994. Árið 2005 lauk ég Can.teol prófi frá guðfræðideild Háskóla Íslands og hef síðan bætt við mig kennsluréttindum.

Ég er búsett í Njarðvík, ásamt eiginmanni mínum Ólafi Thordersen og 10 ára dóttur Helgu Vigdísí.

Frá árinu 2010 hef ég starfað sem prestur, fyrst tvo ár sem sóknarprestur í Oppdal í Noregi en frá haustmánuðum 2012 hef ég verið prestur heyrnarláusra hérlendis.

Ég er félagi í Lionsklúbbnum Æsa í Njarðvík og hef verið frá því árið 2008. Frá því ég gekk í klúbbinn hef ég verið í hinum ýmsu nefndum innan klúbbsins og verið virkur félagsmaður í því starfi sem fram fer innan klúbbsins. Veturinn 2014 -2015 hef ég verið varaformaður og verð formaður klúbbsins veturinn 2015-2016. Jafnframt hef ég veturinn 2014-2015 verið Ungmennastjóri í Umdæmisstjórn 109A.



## Guðmundur Oddgeirsson L.kl. Þorlákshafnar til embættis fjölmæmisgjaldkera MD 109 starfsárð 2015-2016

Guðmundur er fæddur 25. mars 1957 og gekk til liðs við Lionshreyfinguna, Lkl Þorlákshafnar, árið 2001. Hann hefur gengt störfum, ritara, gjaldkera, og formanns þrisvar sinnum og setið í ýmsum nefndum klúbbsins.

Hann var umdæmisstjóri í A umdæmi 2009 til 2010 og hefur verið fjölmæmisgjaldkeri síðan 2014.

Hann er einnig Melvin Jones félagi.

Guðmundur býr í Þorlákshöfn, eiginkona hans er Jóhanna Þórunn Harðardóttir.



## Kristín Þorfinnsdóttir L.kl. Emblu til embættis fjölmæmisritara MD 109 starfsárið 2015-2016

Kristín er fædd 21. maí 1958 og gekk til liðs við Lionshreyfinguna árið 1998.

Hún hefur gengt störfum gjaldkera, og formanns tvisvar sinnum og setið í ýmsum nefndum klúbbsins. Hún gegndi starfi umdæmisritara í A umdæmi á starfsárunum 2005 til 2006. Kristín hefur starfað í umdæmisstjórn og fjölmæmisráði í nokkur ár.

Hún var umdæmisstjóri í A umdæmi 2010 til 2011 og hefur verið fjölmæmisritari síðan 2013.

2012 hlaut hún Leadership Award frá alþjóðaförseta 2012. Hún er einnig Melvin Jones félagi.

Kristín býr í Hafnarfirði og er eiginmaður hennar Kristinn Pálsson.

## Tillaga á fjöllumdæmisþingi MD-109, 2015:

Lagt er til að Lions á Íslandi taki þátt í keppninni „Young Ambassadors of the 21st Century“, sem haldin er á Evrópu Forum á hverju hausti. Upplýsingar um reglur Evrópu Forum og íslenska útfærslu verða kynntar á þinginu á Seyðisfirði.



## Fulltrúi ungmenna á 21. öldinni Evrópsk samkeppni Lions

### Ungir leiðtogar, sem sinna góðgerðarmálum

#### 15-18 ára leiðtogar

Samkeppni Lions „Young Ambassadors“ er haldin á Evrópu Forum á hverju hausti. Keppnin er fyrir ungt fólk á aldrinum 15-18 ára, sem sinna góðgerðarmálum og eru góðir fulltrúar ungmenna og málsvari fyrir sjálfbodastörf. Markmið með keppninni er að viðurkenna, hvetja og styðja ungt fólk sem tekur virkan þátt í samfélagsverkefnum eða góðgerðarmálum í sínu nærsamfélagi, á landsvísi eða heimsvísi.

#### Í fyrsta sinn á Íslandi

Forkeppni verði haldin á Íslandi á næsta starfsári og íslenski sigurvegarinn sendur í aðalkeppnina á Evrópu Forum 2016. Allir keppendur fá sérstaka viðurkenningu. Íslenski sigurvegarinn fengi farandbikar á fjöllumdæmisþingi 2016 í Mosfellsbæ, ásamt peningaverðlaunum, 150.000 kr. Sigurvegarinn færir síðan sem fulltrúi Ísland í aðalkeppnina á Evrópu Forum í Sofíu, Búlgaríu, 27.-30. október 2016. Hann tæki síðan þátt í að verðlauna arftaka sinn á fjöllumdæmisþingi 2017 og kynna árangur sinn á liðnu ári.



*Shane O'Brien frá Bretlandi. Keppendur koma frá mörgum löndum Evrópu og hafa Bretar oft verið sigursælir.*

#### Hver er gjaldgengur?

Til að vera gjaldgengur í keppnina, þarf ungmennið að hafa náð 15 ára aldri, en ekki orðið 19 ára 30. júní, árið sem keppnin fer fram á Evrópu Forum. Keppandinn vinnur að góðgerðarmálum, sem hann hefur skipulagt og vinnur að, e.t.v. í samstarfi við aðra. Keppandinn þarf að geta skýrt vel frá verkefni sínu á þremur mínútum á íslensku og ensku, bæði í viðtali og úr ræðustóli. Keppandinn

þarf að sýna áætlun um það, hvernig hann/hún myndi nýta verðlaunaféð: A) Íslensku verðlaunin. B) Evrópsku verðlaunin.

#### Verðlaunafé

Verðlaunaféð á sigurvegarinn að nota til að styðja við verkefni sitt, eða fyrir þjálfun til að geta betur framkvæmt áætlun sína. Verðlaunaféð er ekki ætlað til persónulegra þarfa ungmennisins. Sigurvegarinn kemur aftur á næsta fjöllumdæmisþing og segir frá því, hvernig verðlaunaféð var notað og afhendir næsta sigurvegara farandbikarinn. Íslenskur sigurvegari fengi 150.000 kr. Á Evrópu Forum: 1. verðlaun eru 3.500 evrur, 2. verðlaun eru 1.000 evrur og 3. verðlaun eru 500 evrur.



#### Dómnefnd

Skipuð er þriggja manna dómnefnd, kvenna og karla úr atvinnulífi og félagsstarfi utan Lions; t.d. úr mennta- eða heilbrigðisgeira, æskulýðsstarfi eða samfélagsþjónustu, iðnaði eða viðskiptum. Dómnefndarmönnum er skipt út einum í senn árlega og formaður dómnefndar er sá sem starfað hefur lengst.

#### Matsreglur

- 1) Verkefnið sjálft, umfang þess og gagnsemi (50%).
- 2) Persónuleiki og leiðtogahæfileikar ungmennisins (15%)
- 3) Áætlun um nýtingu á verðlaunafénu (15%)
- 4) Geta til að fjalla um verkefni sitt í allt að 3 mínútur (20%) (þ.e. 10% fyrir kynninguna og 10% fyrir viðtalið).

#### Leit að keppendum

Samkvæmt reglum, geta klúbbar, svæði, umdæmi eða fjöllumdæmi leitað að keppanda, sem mun taka þátt í forkeppni á Íslandi, en sigurvegarinn tekur þátt í aðalkeppninni á



Evrópu Forum, fyrir hönd Íslands. Ungmenni sem vinna að góðgerðarmálum er hægt að finna m.a. í gegnum skóla, skáta, æskulýðsstarf, kirkju- starf eða aðrar þjónustu\_hreyfingar og æskulýðssamtök.

#### Ávinningur keppenda

Kynning í samfélaginu og líkur á auknum stuðningi og skilningi. Möguleiki á verðlaunafé og fjárstuðningi við verkefni sitt. Byggir upp sjálfstraust með því að tala opinberlega um verkefnið og við dómnefndina. Persónulegur þroski og þjálfun á leiðtogahæfileikum. Tækifæri til að hitta önnur ungmenni með svipuð áhugamál.



*Zola Dorjbayon frá Belgíu.*

#### Kostnaður

„Styrktarsjóður ungmenna“ í eigu Lionsfélaga greiðir ferða- og upphaldskostnað keppenda vegna forkeppninnar á Íslandi, svo og kostnað sigurvegarans á Evrópu Forum. Verðlaunafé, farandbikar, kostnað vegna dómnefndar og umsýslu greiðist af sama sjóði. Enginn kostnaður fellur á Lionshreyfinguna. Klúbbum er frjálst að verðlauna og styðja við sína keppendur.

#### Lionsverkefni

Verkefnið yrdi í nafni Lions á Íslandi. Fulltrúi frá „Styrktarsjóði ungmenna“ vinni með



fjöllumdæmisstjórn og embættismönnum Lions sem tengjast málefnum. Keppnin yrði kynnt í Lionsblaðinu, á vefsíðu Lions og í tölvupóstum til klúbba, svæða og umdæma. Keppnin yrði einnig kynnt í fjölmiðlum og á fleiri stöðum í samráði við klúbba á landinu. Lions fengi góða kynningu og sterkari ímynd, fyrir að vinna með ungu fólki á þessu sviði. Klúbbar yrðu hvattir til að vekja athygli á sínum keppendum og verkefnum þeirra. Þetta verkefni byggir upp ungt fólk, hvetur þau og gefur tækifæri til að leggja lið.

### Hvernig verkefni hafa unnið?

Hér eru nokkur dæmi: Stuðningur við unga hælisleitendur. Unnið með börnum sem standa höllum fæti í samfélaginu. Aðstoð við fólk með andleg veikindi og í sjálfsvígshættu. Sumarbúðir fyrir sykursjúk ungmenni. Súpueldhús fyrir heimilislaua í Suður Afríku og í Bretlandi. Aðstoð við börn á stríðshráðum svæðum, m.a. við menntun.

### Hvað segja keppendurnir?

Allir læra af því að leggja lið sem sjálfbóðaliði. Ég verð hamingjusamur þegar ég er að gleðja aðra. Ég geri þetta til að bæta heiminn. Litlir hlutir geta gert kraftaverk. Stríð og ofbeldi leysir engan vanda. Mér finnst ég breyti heiminum. Ég næ árangri með því að hjálpa

öðrum. Ég kenni öðrum, til að verkefnið geti haldið áfram.

### Ávinningur Lions

Hugmyndir frá ungmennum og frá þeirra frábæru verkefnum. Smitast af krafti og umhyggju ungmenna, sem vilja hjálpa þeim sem minna mega sín, frekar en þeim sjálfum. Nýir ungir vinir, sem með foreldrum sínum og vinum gætu orðið hluti af Lionsfjölskyldunni.

*Guðrún Björt Yngvadóttir  
Fyrirverandi alþjóðastjórnarmaður*

## Frá Lionsklúbbnum Eik, Garðabæ

Eikarkonur hafa verið jafn frískar þetta árið Esem undangengin ár. Á fundi í nóvember heimsóttu okkur umdæmisstjóri 109A, Einar Þórðarson og svæðisstjóri, Sveinn Ingi Lýðsson. Einar Þórðarson, umdæmisstjóri veitti stofnfélögum sem eftir eru í klúbbnum viðurkenningar fyrir langa veru og góð verk í þágu Lions, en Eikin er 30 ára nú í ár 2015. Einnig veitti hann þremur félögum 25 ára og 10 ára viðurkenningar fyrir sama. Sveinn Ingi þakkaði Guðrúnu B. Yngvadóttur fyrir gott átak fyrir sjónverndardaginn 10. nóv. s.l. Báðir hvöttu þeir okkur til frekari dáða.

Jólafundurinn var hátíðlegur að venju með hátíðarmat og völdum skemmtatriðum. Þar kom mest við hjórtu okkar tónlistaratriði flutt af þremur ætliðum tengdum einum félagi okkar, Sigurveigu Sveinsdóttur, þar steig á svið Sigríður Ósk, sonardóttir Sigurveigar og söng fyrir okkur við gítarundirleik Hrafnkels föður síns og píanóundirleik afa síns Pálmars Ólasonar.

Við skiptum um fundarstað um áramótin og fáum nú að halda fundi okkar í þægilegum og hlýlegum samverusal hjúkrunarheimilisins Ísafoldar.

Við heimsóttum síðan íbúa Ísafoldar þann 18. mars s.l. og buðum þeim til pönnukökuveislu, sem var vel tekið. Með okkur var tónlistamaðurinn Pálmars Ólason sem spilaði á harmóniku á meðan á veislunni stóð og síðan eftir kaffið flutti hann söngdagskrá með



*Pálmars Ólason spilar fyrir íbúa Ísafoldar í pönnukökuveislu í boði Lionsklúbbsins Eikar.*

píanóundirleik. Pálmars nær alltaf vel til þess hóps sem hann spilar fyrir og spilar alltaf „lögin okkar“ eins og áheyrendur nefna það. Fólk var duglegt að syngja með og sumir við raust. Nokkrir herranna fengu fiðring í fætuna og buðu upp í dans starfsstúlkum heimilisins og Eikarkonum. Mjög ánægjuleg stund hjá Ísafoldarbúum.

Framundan er þátttaka í söfnun Rauðrar fjaðrar og í lok starfsársins fögnum við 30 ára afmælis klúbbsins okkar. Afmælisnefndarkonur hafa verið duglegar við að selja okkur



*Hrafnkell Pálmarsson og Sigríður Ósk Hrafnkelsdóttir.*

happdrætti á hverjum fundi í vetur til þess að afmælishátíðin verði sem veglegust. Ekki að spyrja að Eikarkonum.

*Samskiptanefnd Lkl. Eikar  
Íðunn og Auður.*





# Alþjóðahjálparsjóður Lions: Hugmynd að nýjum fjáröflunum

Leiðtogaskóli Lions, Hópverkefni:  
Styrkjum liðsheildina með stolti og eflum LCIF



Hópur 1: Björgvin Skarphéðinsson Lkl. Keflavíkur, Eiríkur Óli Dagbjartsson Lkl. Grindavíkur, Haraldur Birgir Hreggviðsson Lkl. Njarðvíkur, Helgi Sæmundsson Lkl. Grindavíkur og Sverrir Þorgeirsson Lkl. Grindavíkur.



Lions Clubs International  
**FOUNDATION**

## LCIF - Alþjóðahjálparsjóður Lions

Alþjóðahjálparsjóður Lions var stofnaður 1968. Hlutverk LCIF (mission) er að styðja Lionsklúbba um allan heim við að leggja lið í sýnu samfélagi og um heim allan, með því að sinna mannúðarverkefnum

### Úthlutun = Árangur

Frá stofnun sjóðsins 1968 hefur sjóðnum tekist að sinna því hlutverki sem honum var ætlað.

Frá stofnun hefur sjóðurinn veitt yfir 12.000 styrki út um allan heim. Styrkirir nema um 900 miljónum dollara eða um 123 miljarðar króna.

### 4 aðalflokkar LCIF

Sjónvernd: Aðstoð við blinda og sjónskerta. Stuðningur við ungmenni: Lions Quest og fl.

Náttúruhamfarir: Eldgos, flóð, jarðskjálftar, skógareldar. Mannúðarverkefni: Heilbrigðis og velferðarmál.

Ísland hefur fengið styrk í öllum flokkum. Nefna má eldgosid í Vestmannaeyjum 1973. Snjóflóð á Súðavík og Flateyri 1995. Jarðskjálftar á Suðurlandi 2000 og 2008.

### Mislingar: 348% aukning í Evrópu

Mislingar eru einhver mest smitandi veirusjúkdómur sem til er. Bólusetning er ódýr og skilvirk. Dag hvern deya 380 börn, sem hefði verið hægt að bjarga með einni bólusetningu sem kostar 1 US\$. 139.000 börn deya á ári hverju, sem er rétt innan við helmingur Íslensku þjóðarinnar. 30% af þeim sem lifa sjúkdóminn af þjást af

ýmsum fylgikvillum svo sem sjóntapi, heyrnatapi, heilaskaða, lungnabólgu, A-vítamín skorti eða heilabólgu. Ekki eru allir bólusettir á Íslandi sem er áhyggjuefni, þörf á að hrinda af stað kynningar herferð um skaðsemi mislinga.

### Tekjur LCIF

Framlög koma frá Lionsklúbbum. Einstaklingar, stofnanir og félagasamtök hafa lagt sjóðnum lið.

Um 75% framlaga koma með tilnefningu Melvin Jones féлага. Öll framlög fara 100% til líkna- og mannúðarmála. Rekstrarkostnaður greiðist eingöngu með vaxtatekjum.

### Gerist stuðningsaðilar LCIF

Vannýtt fjáröflun á Íslandi en Stuðningsaðili gefur árlega til LCIF.

20 US\$ (brons) 2.600 kr.

50 US\$ (silfur) 6.500 kr.

100 US\$ (Gull) 13.000 kr.

Nýtt Barmmerki 5.000 – 8.000 kr.

Miðað við gengi + ca. 5% vegna bankakostnaðar. Bronsmerkin eru til hjá LCIF stjórnum.

### Nýjar tekjur fyrir LCIF

#### Golfmót Lions 2015 haldið í GS Leiran

Koma á árlegum Golfmótum. Golfmótin eru öllum opin. Golfmót haldið á svæðum 109A og 109B.

15 efstu á hvoru svæði komast áfram. Sameiginlegt Golfmót milli svæða. Veita 3 efstu verðlaun.



Skyldi ég hitta kúluna?

### Framkvæmd mótanna


Samstarf við Golfklúbbana sem halda mótin. Fá styrktaraðila. Þátttökugjald.

Auglýsa mótið sem styrktarmót fyrir Alþjóðahjálparsjóðinn LCIF.

### Jákvæð niðurstaða

Umfjöllun í blöðum og sjónvarpi. Golf sjónvarpsvænt. Á heimsvísu. Geysilega góð auglýsing fyrir Lions. Féлагаöflun, meiri umfjöllun fleiri félagar.

Hópur 1 þakkar fyrir frábært námskeið



Það er gaman í golfi

# Fréttir frá Lionsklúbbum Seylu, Álftanesi



fyrir blinda, ásamt Bono, leiðsöguhundi. Fengum við þar fróðlega kynningu á starfsemi miðstöðvarinnar og sérstaklega hunda- verkefninu, sem mun koma sér vel við sölu á Rauðu fjöðrinni.

Varastjórnin ætlar að fjölmenna á fjöllum- dæmisþingið og reiknar með að koma þaðan með fangið fullt af hugmyndum fyrir starfið næsta vetur.

Í lok maí ætlum við svo að vera opið kvennagolfmót. Við munum sérstaklega bjóða öllum lions- konum á höfuðborgar- svæðinu, en einnig



hvetja þær til að koma með vinkonur og samstarfskonur, þar sem allar golfhugakonur eru velkomnar. Mótið verður sérstaklega auglýst á vef Golfklúbbs Álftaness, þegar nær dregur, og þar verður hægt að skrá sig. Vonumst við til að sjá sem flestar, þar sem þarna gefst frábært tækifæri til að byrja golfsumarið með stæl og styrkja um leið gott málefni, sem er líknarsjóðurinn okkar.

*Með lionskveðju,  
Guðrún María Skúladóttir, formaður Lkl.  
Seylu, starfsárið 2014-2015*

Nú er hafinn seinni hálfleikur í starfi núverandi stjórnar og hefur hann farið vel af stað.

Við tókum inn nýjan félag á jólafundinum og stefnum að annarri inntöku á aprílfundi.

Einar Þórðarson, umdæmisstjóri 109A heimsótti okkur á janúarfund og Sveinn Ingi Lýðsson, svæðisstjóri, á febrúarfund.

Í byrjun mars fórum við Seylukonur, ásamt

mökum, í menningarferð til forsetans á Bessastöðum og hann flutti okkur mjög fróðlegan fyrirlestur um sögu staðarins og í þakklætisskyni færðum við honum m.a. þverslaufu úr íslenska lópanum, sem hann kundi vel að meta.

Á marsfundi, sem varastjórnin hafði umsjón með, fengum við heimsókn frá starfsfólki á Þekkingar- og þjónustumiðstöð

## Minning † Sigurður H. Sigurðsson



Þann 20. mars s.l. lést á heimili sínu á Akureyri Sigurður H. Sigurðsson, elsti félagi í Lionsklúbbi Akureyrar. Útför hans fór fram í kyrrþey 27. s. m. Sigurður var fæddur á Hvammstanga 4. mars 1927 en flutti 10 ára gamall með móður sinni til Siglufjarðar. Þaðan lá leið hans til Akureyrar þar sem hann hugðist nema við Menntaskólann. Í skólanum kynntist hann verðandi konu sinni, Ásu Leósdóttur, og urðu þau kynni til þess að hvorugt þeirra lauk námi heldur gengu þau í hjónaband og stofnuðu heimili sitt á Akureyri árið

1948 þar sem þau hafa búið síðan. Börn þeirra eru 5, barnabörn 13 og barnabarnabörn 25.

Sigurður stundaði sem ungur maður verslunar- og skrifstofustörf á Akureyri en rak síðan eigið bókhaldsfyrirtæki í áratugi. Hinn 12. des. 1963 gerðist Sigurður félagi í Lionsklúbbi Akureyrar þar sem hann gegndi ýmsum trúnaðarstörfum, m. a. sat hann alls sex sinnum í stjórn, síðast sem gjaldkeri 1996 – 1997. Þá hafði hann um árablið það hlutverk

með höndum að halda utan um félagaskrár klúbbsins og annast endurskoðun og uppsetningu reikninga hans. Enda var hann maður nákvæmni og góðs skipulags. Sigurður var mikill áhugamaður um starfsemi klúbbsins og tók ötulllega þátt í þeim verkefnum sem klúbburinn lagði lið. Hann sóttist ekki eftir vegtillum en var ávallt reiðubúinn til starfa hvenær sem eftir því var leitað. Trúmennsku hans var við brugðið. Um það ber vitni 100% mæting á fundi klúbbsins í 45 ár og geri aðrir betur. Sigurður var Melvin Jones félagi og heiðursfélagi í klúbbi sínum síðan 2012.

Síðustu ár ævi sinnar átti Sigurður við nokkur veikindi að stríða sem komu í veg fyrir að hann gæti tekið þátt í starfsemi klúbbsins með þeim hætti sem hann eflaust hefði kosið. Hann hafði þá löngu skilað drjúgu verki og gat því vissulega verið sáttur við verklokin.

Við félagar í Lionsklúbbi Akureyrar sjáum nú á eftir tryggum og góðum félagamönnum með virðingu og þökk fyrir samfylgdina. Um leið vottum við eiginkonu hans og afkomendum samúð okkar og sendum þeim hlýjar kveðjur.

*F. h. Lionsklúbbs Akureyrar.  
Bjarni Kristjánsson*



# Lionsklúbburinn Fold 25 ára, 16. maí 2015



Mynd frá stofnskrárhátíðinni 1. des. 1990.



Umdæmissjóri 109 A Matthías Frímannsson sá um inntöku nýju félagana.



Skrifað undir stofnskrárskjalið.

Þann 16. maí 1990 var Lionsklúbburinn Fold stofnaður í Reykjavík nánar til tekið í Grafarvogi og voru stofnfélagar 27. Á sama tíma eða 14. maí 1990 var Lionsklúbburinn Fjörgyn stofnaður. Þegar lagt var af stað með hugmynd að stofnun klúbba í Grafarvogi stóð til að stofna blandaðan klúbb en þegar upp var staðið var búið að stofna tvo klúbba, kvennaklúbb og karlklúbb svo mikill var áhuginn á svæðinu. Stofnskrárhátíð klúbbanna var svo haldin sameiginleg þann 1. desember 1990. Síðan hafa þessir tveir klúbbar ávallt starfað mikið saman að ýmsum verkefnum. Gott dæmi um samstarf Lionsklúbbanna Foldar og Fjörgynjar er þegar klúbbarnir söfnuðu fyrir augnlækningatæki og gáfu Landspítalanum í tilefni af 10 ára afmæli klúbbanna. Safnað var fyrir tækinu með

bílahappdrætti ásamt því að fá Core 4 styrk frá LCIF. Árið 2000 stóðu klúbbarnir síðan fyrir þinghaldi Lionshreyfingarinnar í Grafarvoginum.

Þegar klúbbarnir voru stofnaðir var stærsti hluti félaga fólk milli fertugs og fimmtugs, áhugasamt og skapandi fólk sem var tilbúið að láta til sín taka innan Lionshreyfingarinnar. Foldarkonur hafa t.d. átt fjóra svæðisstjóra og einu sinni umdæmis- og fjöllumdæmissjóra. Einnig hafa margar þeirra unnið að ýmsum verkefnum bæði í umdæmi og fjöllumdæmi. Í Lionsklúbbum Fold hafa konur ávallt verið tilbúnar að vinna að markmiðum hreyfingarinnar „We Serve“ og lagt mikið á sig til að láta gott af sér leiða og styðja við þá sem minna mega sín í samfélaginu.

### Verkefni klúbbsins

Fljótlega var tekin ákvörðun um að taka land að Syðri Grunnvötnum í Heiðmörk í fóstur og þar hafa félagar plantað greni, furu og birki í gegnum árin svo nú er svæðið orðið að fallegum trjálundi þar sem áður var aðeins lágvaðinn villtur gróður.

Í mörg ár unnum við í samvinnu við Skálatúnsheimilið fyrir Hjálparstofnun kirkjunnar við að senda út söfnunarbauka og gíróseðla vegna söfnunarinnar „Brauð handa hungruðum heimi“.

Ýmis heimili fyrir aldraða, minnissjúka og fatlaða hafa notið góðs af vinnuframlagi eða gjöfum í gegnum árin m.a. Skálatún, BUGL, Álfaland, Foldabær, Hjúkrunarheimilið Eir og Gylfaflöt- dagþjónusta. Dæmi um önnur styrktarverkefni eru: Augndeild Landspítalans, Ljósið, Konukot, Samhjálp, Götu-smiðjan, Slysavarnarskóli Sjómanna o.fl. Lionsklúbburinn Fold hefur ávallt tekið þátt í landssöfnun hreyfingarinnar „Rauð fjöður“.

Fjáraflanir hafa komið úr ýmsum áttum og hafa Foldarkonur aldrei talið eftir sér að leggja á sig vinnu við að afla fjár sem þær hafa síðan látið af hendi rakna til hinna ýmu málefna eins og má sjá af framansögðu. Í dag eru félagar í Lkl. Fold 41, allt frábærir og samheldnir félagar sem munu halda upp á afmælið með því að hafa gaman saman. Hátíðarfundur verður í maí og í haust munu svo félagar ásamt mökum bregða sér til Bæjaralands og njóta þar góðra samverustunda eins og Foldarkonum einum er lagið. Það skiptir öllu máli að það sé skemmtilegt í Lions því þá gengur okkur betur að vinna að góðum verkefnum.

Með Lionskveðju  
f.h. Lionsklúbbsins Foldar  
Hrund Hjaltadóttir



Fjölskyldan höfð með í gróðursetningarferðalögin.



Nú er þarna fallegur trjálundur.





Augnlæknar taka við gjafabréfi fyrir augnlækningatækinu sem gefið var á LHS á 10 ára afmælinu.



Það var alltaf fjör þegar pakkað var fyrir Hjálparsofnum Kirkjunnar karlarnir okkar hjálpuðu til.



Foldarkonur gengu fyrir skrúðgöngunni á þinginu í Grafarvogi vorið 2000.



Smákökur bakaðar fyrir jólin og þeim sem minna hafa gefin afraksturinn.



Eikarkonur í heimsókn hjá Foldarkonum.



Gestir á fjáröflunarkvöldi.



Götusmiðjan heimsótt og þeim færðar tölur að gjöf.



Konukoti færðar gjafir.



Vinnufundur í fjáröflunarverkefni.



Fjórir nýjir félagar bættust í hópinn í des. 2014.



Foldarkonur á skyndihjálparnámskeiði um borð í Sæbjörgu skipi Slysavarnarskóla Sjómanna



Verkefni Foldarkvænna kvikmyndað, um borð í Sæbjörgu á Alþjóðasjónverndardaginn og voru Alþjóðaforsætahjónin með í ferð.





# Mislingaátak Lions og WHO í Evrópu í apríl 2015


**Mislingar** er bráðsmitandi og alvarlegur sjúkdómur

Mislingar **SLÁ AFTUR** í Evrópu samkvæmt upplýsingum frá WHO Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni

2014: 15995 tilfelli

2007: 7073 tilfelli

Víkuna 20. - 25. apríl, mun WHO efna til Evrópskrar viku ónæmisaðgerða (bólusetninga) með ýmsum viðburðum víða um Evrópu og hefur WHO óskað eftir þátttöku Lions í þessu mikilvæga verkefni. Lionsfélagar í Evrópu, eru hvattir til **leggja lið með WHO**, til að veita atviki áminnings á mikilvægi bólusetninga og einnig að styðja við fjáröflun vegna **MislingaÁTAKS Lions**.



**Tvær mislingasprautur** veita næstum **100% vernd** gegn mislingum.

**Bólusetning gegn mislingum er örugg og árangursrik.**

Bóluefnið er rannsakað og undir stöðugu eftirliti og hefur verið sýnt fram á mjög **góðan árangur í 50 ár.**

**vissir þú að**

**1 af hverjum 5** munu hljóta aukaverkanir, eins og eyrnabólgu, lungnabólgu, varanlegt heyrnarleysi heilahimnubólgu eða dauða.

Mislingar eru **6 sinnum** meira smitandi en flensa

**Börn undir 5 ára og fullorðnir yfir 20 ára** eru í mestri hættu á að fá alvarlegar aukaverkanir

**Stöðvum útbreiðslu mislinga**

**Verndaðu sjálfan þig og marga aðra,** með því að tryggja að þú og fjölskylda þín séu **bólusett gegn mislingum.**

**LIONS INTERNATIONAL** **World Health Organization**

REGIONAL OFFICE FOR **Europe**

Mislingar breiðist út eins og eldur í sínu meðal evrópskra barna. Aðalástæðan er talin sú, að slegið er slöku við bólusetningar barna.

Lions Evrópu tekur virkan þátt í aðgerðum WHO, bæði í Evrópu og á alþjóðavísu.

Framlög til LCIF merkt Mislingum, má nota sem greiðslu upp í Melvín Jones tilnefningu.

**World Health Organization** REGIONAL OFFICE FOR **Europe**

**Lions Clubs International FOUNDATION**

Víkuna 20. - 25. apríl, mun WHO efna til Evrópskrar viku ónæmisaðgerða með ýmsum viðburðum víða um Evrópu og hefur WHO óskað eftir þátttöku Lions í þessu mikilvæga verkefni.

Lionsfélagar í Evrópu, eru hvattir til **leggja lið með WHO**, til að veita athygli á mikilvægi bólusetninga og einnig að styðja við fjáröflun vegna **MislingaÁTAKS Lions**.

**10 ÁRA AFMÆLI**

**EVROPSKU** viku ónæmisaðgerða (bólusetningarviku) 20. - 25. apríl 2015

Fyrirbyggjum, verndum, bólusetjum

# Friðarritgerðarsamkeppni Lions 2015



Þann 11. febrúar fóru Lionsmenn í Hrafnagilsskóla í Eyjafjardasveit, og hittu einn nemanda. Hún heitir Sigrún Hekla Sigmundsdóttir og var hennar ritgerð valin til að taka þátt í alþjóðlegri samkeppni sem fór fram í mars, í New York í Bandaríkjunum. Sigrún Hekla var stjarna dagsins í skólanum sínum, allir nemendur skólans komu saman á sal og fékk hún óskipta athygli. Hún fékk viðurkenningarskjal og gjöf frá Lions, auk þess fékk hún ritgerðina sína útprentaða bæði á íslensku og ensku. Svo las Sigrún Hekla ritgerðina sína fyrir okkur, nemendur og starfsfólk skólans. Ritgerðin hennar er um stríðið sem er milli Rússa og Úkraínu, og er hún að velta fyrir sér hvernig ástandið væri hér á Íslandi og í sveitinni sinni ef slíkar hörmungar væru hér á landi. En óhætt er að segja að Sigrún Hekla fylgdist vel með, því foreldrar hennar sögðu

okkur að hún horfði á alla fréttatíma í sjónvarpi.

### Val á ritgerðum:

Ritgerðirnar eru valdar út frá boðskapnum - innihaldinu. Það hefur ekki verið flókið hingað til, ein ritgerðin bara skarað langt framúr hinum að öllum gæðum (boðskap, stíl, uppbyggingu).

### Mat á ritgerð Sigrúnar:

Það sem er svo yndislegt við ritgerð Sigrúnar Heklu er einlægni og líka uppbyggingin á ritgerðinni. Hún byrjar á að lýsa sínu friðsama nærumhverfi - Eyjafirði og nærsamfélaginu - skólanum sínum. Síðan vísar hún að heimsfriðnum, öllu heldur ófriðnum og fjallar sérstaklega um það sem hún þekkir best - börnin, hvernig þau fara út úr stríði og ennþá

ver, þau sem búa við einhverja fötlun. Í lokin fjallar hún um hvernig börnin í hennar skóla leysa vandamálin og ófriðinn, eitthvað sem þeir fullorðnu sem bera ábyrgðina gætu lært af börnunum. Alger snilld - Betra getur þetta ekki verið.

### Fjöldi ritgerða:

Fjöldi þátttakenda fer vaxandi ár frá ári. Nú er fimmta ár alþjóðlegu keppinnar og nú eru nokkur þúsund þátttakendur.

Á Íslandi er þetta er lítill hópur 11-13 ára blindra og sjónskertra ungmenna; en þau sýna þessu nýja tækifæri mikinn áhuga og senda inn skemmtilegar ritgerðir.

*Tryggvi Kristjánsson  
Fjöllumdæmisstjóri 2014-2015*

## Fræðslukorn

### Melvin Jones

Lions Clubs International byrjaði sem draumur hjá Melvin Jones Amerískum viðskiptamanni en hann var í klúbbi sem að nefndist Buisness Circle of Chicago.

Melvin Jones trúði því að klúbbar með heimamönnum sem að höfðu einblínt á viðskipti sín á milli ættu að fara að huga að því að vinna að því að bæta umhverfið sitt.

Árið 1917 hafði hann samband við mörg sjálfstæð félagasamtök víðs vegar um landið og bauð þeim á fund. Flestir samþykktu að sameinast sem ein hreyfing og það var ákveðið að taka upp nafnið á stærsta félaginu sem kom frá Indiana.

Fyrsta þingið var haldið í október í Hótel Adolphus in Dallas, Texas. Þar var stofnskráin samin og samþykkt og fyrsti forseti hreyfingarinnar Dr. W.P.Woods var kosinn. Melvin Jones var kosinn ritari og þar með hófst 44 ára saga hans með hreyfinguna.

Eftir honum var haft: „Mér var farið að skiljast að mönnum verður lítið ágengt, nema þeir taki upp á því að gera eitthvað fyrir aðra“



## 1917

Melvin Jones  
stofnar  
Lionshreyfinguna



## Lionsklúbbur Hveragerðis

Myndir frá tónleikum sem haldnir voru í Hveragerðiskirkju.  
Tónleikarnir heppnuðust afar vel og var húsfyllir. Myndir tók Vilmundur  
Kristjánsson.



### Tónleikar í Hveragerði Lionsklúbbur Hveragerðis

stendur fyrir áhugaverðum tónleikum  
miðvikudaginn 18 mars 2015  
kl. 20:00 í Hveragerðiskirkju

Fram komar:  
Barnakór Grunnskóla Hveragerðis  
Sjónandi : Dagný Halla Björnsdóttir,  
Lay Low  
Unnur Birna Björnsdóttir og Björn Þórarinnsson (Bassi)  
Halldór Smásson  
Ágústa Eva Erlendsdóttir  
Helgi Björns  
Magnús Þór Sigmundsson  
Kynnir verður Hjörtur Ben



Forsala afhugið í Gólflió hjá Mígga Þorvaldssókn, 19  
Hlíð í gamla miðri sölu - 823 9444 eða 593 4796  
vfb : migga@sigmal.com